

## Útgáfu- og kynningarmál

Fjórða þing KÍ haldið í Reykjavík dagana 9. – 11. apríl felur stjórn KÍ að taka starfsemi KÍ á sviði útgáfu- og kynningarmála til endurskoðunar með það að markmiði að hafa bæði útgáfustjóra og kynningar- og upplýsingafulltrúa í fullu starfi fyrir sambandið og aðildarfélög þess. Stjórn KÍ er falið að semja starfslýsingar fyrir þessi störf á grundvelli stefnumörkunar 4. þings um málið. Stjórn KÍ skal kanna kosti og galla þess að fjölga eða fækka útgefnum tölublöðum Skólavörðunnar og athuga enn fremur möguleika á rafrænni útgáfu efnis. Stjórn KÍ vinni að breytingum með það að markmiði að efla útgáfu- og kynningarmál sambandsins og leggi afrakstur vinnunnar fyrir ársfund KÍ 2009. Ársfundurinn fari yfir málið bæði efnislega og fjárhagslega og meti framhaldið í ljósi þess.

### Greinargerð

Stjórn KÍ/flutningsmenn tillögunnar eru þeirrar skoðunar að styrkja beri útgáfumál og ímyndar- og kynningarmál KÍ. Það verði m.a. gert með því að hafa útgáfu- og kynningarstjóra í starfi. Störfin væru í meginatriðum á þessa leið:

#### Útgáfustjóri

Hann verði í fullu starfi og heyri undir félagssvið. Útgáfustjóri hafi heildarumsjón með allri útgáfu á vegum KÍ og verði jafnframt ritstjóri Skólavörðunnar. Honum til ráðuneytis sé útgáfustjórn. Meginverksvið útgáfustjóra verði:

- Ritstjórn Skólavörðunnar.
- Ritstjórn mögulegrar rafrænnar útgáfu á vegum KÍ.
- Að sinna, í samstarfi við upplýsinga- og kynningarfulltrúa, og ritstýra fréttaflutningi á heimasíðu KÍ.
- Að hafa umsjón með útgáfu ýmiss efnis á vegum KÍ, svo sem fræðsluefni fyrir trúnaðarmenn, efni um sjóði KÍ, efni til að styrkja kennara og stjórnendur í starfi o.s.frv. Útgáfustjóri sé jafnframt ráðgefandi aðili og hugmyndasmiður varðandi slíka útgáfu.

Allt eftir umfangi starfsins á hverjum tíma er reiknað með að útgáfustjóri ráði í samráði við stjórn KÍ fólk til starfa við einstök tímabundin verkefni.

#### Upplýsinga- og kynningarfulltrúi

Hann verði í fullu starfi og heyri undir félagssvið. Meginhlutverk hans verði að styðja við forystumenn KÍ og aðildarfélaga í fjölmiðla- og kynningarmálum og veita þeim liðveislur og ráðgjöf, og að sinna ímyndarsköpun og upplýsingagjöf fyrir KÍ og aðildarfélögin um starfsemi, markmið hennar og tilgang og um mál efni kennara og skólustarfs. Starfsmaðurinn vinnur með forystumönnum félaga og sambands og starfsmönnum í mismunandi málaflokkum. Meginverksvið upplýsinga- og kynningarfulltrúa verði að:

- Veita fræðslu og leiðsögn um ímyndar- og kynningarmál.
- Halda utan um stefnumótunarvinnu á sínu sérsviði.
- Koma fram fyrir hönd KÍ / aðildarfélaga á ráðstefnum og fundum.
- vera málsvari KÍ/félaga á opinberum vettvangi.

- Sinna í samstarfi við útgáfustjóra fréttafloppni og tengdum skrifum á heimasíðu KÍ og/eða í fjölmiðlum.

Sjá í samstarfi við aðra starfsmenn um innri upplýsinga- og kynningarmál KÍ gagnvart félagsmönnum svo sem í tengslum við trúnaðarmannanámskeið, öryggistrúnaðarmannanámskeið, námskeið um vinnuverndarmál, lífeyrissjóðsmál og önnur réttindamál.